

Fundur 25.3.2024 Hafsteinn Björnsson miðill.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Já góða kvöldið.*

Alltaf þykir mér gott að tala í gegnum miðla ykkar, hvort sem það er þessi eða aðrir og ætla ég ekki að tala við ykkur lengi, en hér er nóg að starfa og ég hef lengi reynt að þjálfa alla þá sem starfa að miðils málefnum, Hafsteinn Björnsson miðill.

*Já komdu blessaður Hafsteinn.*

Já já,

*Gott að heyra í þér.*

Takk fyrir, Ef ég gæti komið því að hér í kvöld hvaða erfiðleika við eigum við að glíma, að þeir sem vilja trufla slíkt og þau sem vilja trufla slíkt samband, nota ýmisleg persónuleg sorgarmálefni og samskipta örðugleikum hjá sitjurum og miðlum til að minnka orkuna.

Og þó er það annað sem ég vildi ræða um og það er áhrif sem verða á líkamann af ýmsum veirusýkingum eins og þeirri sem jörð ykkar varð að þola nýlega Covid, og telja læknar okkar að viljandi hafi verið gert frá helstefnu öflum, víðar hafi komið fram í geimnum.

Og ein af aukaverkunum slíkrar plágu getur verið að minnka miðils hæfni og draga úr virkni þeirra sem öflugir eru, enda mun það lengi hafa verið ætlunin hjá Jahve og öðrum að leggja niður slíka starfsemi sem geti komið upplýsingum gegn mikilvægum og vakið fólk til umhugsunar um ýmis mál betur.

En hins vegar eru læknandi öfl sem vinna gegn þessum helstefnu áhrifum og er það einnig fyrir miklu að athuga að um leið og málefni þessi verða viðurkennd opinberlega á þjóðfélags vettvangi ykkar, munu fjölmargir virkja þessa hæfileika sína og koma fram og geta nýtt þá til þessara miðils starfa hjá ykkur og öðrum.

Og er því mikilvægt að þið reynið að skrifa í blöðin, þótt ekki sé nema örfá orð jákvæð um framlífið, en ekki þannig að það sé endanleg sönnun til, heldur séu vísbendingar um það að gagn geti gert fólki og fróðleikur sem ekki verður á móti mælt.

Ekki er víst að margir komi til fylgis, en vonandi að það gangi þó vel og bæði mun það gagnast mögnunar og lækninga samböndum okkar og fræðslu samböndum ykkar.

En höfum við einnig í þessum hóp reynt að virkja hjá ykkur fleiri miðla en ekki gengið vel, munum vona að það gangi betur.

Ég talaði hér í gegnum konu eina sem hjá ykkur starfaði en náðum ekki eins löngum samböndum.

Verð ég nú að kveðja ykkur að sinni og þakka ég fyrir að sinni áður en orkan minnkar.

Verið þið blessuð og sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*